

# Fundur skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

**Haldinn 7. mars 2018 kl. 16:15**

Fundinn sátu: Birgir Jónsson Skólastjóri, Petrína Kristín Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi, Páll Birgir Jónsson fulltrúi foreldra og Ragnar Valgeir Jónsson fulltrúi kennara.

## Mál á dagskrá:

### 1. Skóladagatal 2018-2019.

Drög að skóladagatali næsta skólaárs lögð fyrir. Hafa nú þegar verið lögð fyrir starfsmannafund og samþykkt þar. Umræður urðu um dagatalið og helstu breytingar á milli ára. Engar athugasemdir voru gerðar og var dagatalið samþykkt samhljóða.

### 2. Kennslutímaúthlutun 2018-2019.

Farið yfir kennslutímaúthlutun fyrir næsta skólaár. Breytist lítið á milli ára þar sem svipaður nemendafjöldi verður á næsta skólaári og er nú. Farið yfir tölurnar og skólastjóri útskýrir hvað liggur að baki. Í kjölfarið var spurt í ráðningar á starfsfólki. Þar sem leiðbeinendur eru í um það bil tveimur stöðum þarf að auglýsa þær og verður það gert fljótlega. Einnig verður auglýst í stöðu aðstoðarskólastjóra tímabundið í eitt ár.

### 3. Opinn fundur skólaráðs.

Gunnar Helgason rithöfundur hefur samþykkt að koma fram á opna fundinum og fjalla um lestur og skólastarf. Að auki var ákveðið að foreldrafélag og skólaráð muni kynna starfsemi sína á fundinum. Í lokin verði umræður. Nemendur sjá um veitingar og hefur verið gengið frá því. Skólastjóra falið að auglýsa fundinn.

Fundi slitið 17:00.

Birgir Jónsson ritaði fundargerð.